

um rannsóknir og áætlanagerð um heyverkunaraðferðir.

Flm.: Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins efni á næsta sumri til frekari rannsókna á heyverkunaraðferðum með það fyrir augum að finna með hverjum hætti verði staðið svo að heyskap að hann verði áfallalaus og fódurgildi uppskerunnar verði vel tryggt.

Með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna skal gera áætlun um skipulegar framkvæmdir við bættan húsakost og tækjabúnað, sem þætti þurfa að hrinda fram til þess að ná besta árangri og hagkvæmni við heyskap og hvers konar fóduröflun.

Áætlun þessa skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi eða svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Sumarið 1975 hefur orðið bændum um sunnan- og vestanvert landið þungt í skauti og öllum almenningi minnstætt. Túnin spruttu seint, svo að ekki varð hafinn sláttur fyrir en um miðjan júlí og sums staðar síðar. Þurrkar urðu nánast engir, aðeins stakir dagar hjartir, enda afleiðingarnar eftir því: hrakin hey og illa hirt í hlöðum og svo léleg að fódurgildi að til eindæma verður talið. Sá skaði bændna er ómældur að hafa með ærnum áburðarkostnaði stofnað til vetrarforðans sem síðan reynist ónothæfur án þess að hafa kraftfóður í ríkum mæli til fódurbætis.

Það hefur sannast á þessu makalausá óþurrkasumri, að enn eru bændur háðari tíðarfarinu við heyskapinn en menn ætluðu og fjárhagsleg skakkaföll af þeim sökum stórum alvarlegri nú, þegar miklu er kostað til um áburð og heyvinnutæki, eins og víðast er gert um breiðar byggðir.

Tækniþróun í landbúnaði er hröð og um margt fullkomin. En sú spurning verður áleitin eftir áföll eins og þau gerðust víða um land í sumar, hvort ekki vanti enn herslumun að því er varðar samræmda aðstöðu, svo að tiltækur tækni-búnaður njóti sín svo sem skyldi. Þá má einnig gera því skóna að súgþurrkun gæti ráðið úrslitum í þessu efni ef flutningsgeta dreifikerfis raforkunnar reisti ekki nokkrar skorður við notkun hagstæðari véla við heyþurrkun.

Á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur nokkuð verið unnið að athugunum og samanburði á ýmsum heyverkunaraðferðum. Það er skoðun flm. að þær þurfi nú að efla stórlega og bera saman árangur af venjulegri súgþurrkun, votheysgerð, hraðþurrkun og ýmsum afbrigðum þessara aðferða og meta notagildi þeirra með hliðsjón af aðstöðu til þess að hagnýta þær í óþurrkatíð og við breytilegan húsakost.

Þegar fyrir liggur skýrsla um þær rannsóknir, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að efnt verði til, þá vænti ég að með nokkru öryggi megi benda á líklegustu úrræði til tryggingar áfallalausri heyverkun. Þá má vænta árangurs af sameiginlegri áætlanagerð þeirra manna, sem standa fyrir rannsóknum, bütæknimanna, sérfræðinga á sviði húfjarræktar og bygginga svo og forsvarsmanna bændanna sjálfra, sem þessi vandamál brenna heitast á, — áætlanagerð um úrbætur, hvort tveggja í senn framkvæmdahraða og gerð framkvæmdanna.

Málefni af þessu tagi verða ekki leyst í einu veffangi né heldur afgreidd í eitt skipti fyrir öll. Það er ljóst að aðgerða er þörf. Tillaga þessi er hugsuð og flutt sem ábending til lærðra sem leikra um vandamál sem verður að leysa. Hún er og flutt vegna reynslu frá síðasta sumri, sem sýnir að full þörf er á að herða róðurinn í hagræðingu atvinnuvegarins svo að hann fái með öruggari hætti gegnt hlutverki sínu með þjóðinni og veitt þeim, er við hann starfa stöðugri afkomu þótt á móti blási.

Nánar verður fjallað um efni tillögunnar í framsögu.